
NORÐFIRÐINGUR

2. tölublað 1989 13. árgangur

20 - ára Á R S H Á T Í Ð 20 - ára

Norðfirðingafélagsins í Reykjavík og nágr.
verður haldin að Hótel Lofleiðum, Víkingasal,
laugardaginn 11. mars n.k. kl. 19.30
stundvíslega.

M A T S E Ð I L L

Rjómalöguð spergilsúpa

Steikarhlaðborð (4 teg. úrvals kjötrétta)

Jarðaberjarjómarönd

=====

Hátíðarræða: Jakob Jakobsson frá Strönd

Skemmtiatr.: Danssýning, "Brugðið á leik"
með árshátíðargestum.
Fjöldasöngur o.fl.

Happdrætti: Margt góðra vinninga að venju.

Dans og vínveitingar. Miðaverð kr. 3.200.00

Viðtakandi:

Sýpöt Óinasson
Bókstafastíð 66,
105 Reyk

Árshátíð Norðfirðingafélagsins verður haldin laugardaginn 11. mars 1989 kl. 19.30 stundvíslega. Hátíðargestir okkar að þessu sinni verða hjónin Margrét Jónsdóttir og Jakob Jakobsson frá Strönd, en hann mun flytja hátíðarræðu kvöldsins. Óþarft er að kynna Jakob fyrir Norðfirðingum. Hann er fæddur og uppalinn á Norðfirði og þjóðkunnur fyrir störf sín að hverskonar fiskimálum, enda maðurinn fiskifræðingur. Hann lumar vafalítið á einhverju skemmtilegu frá uppvaxtarárum sínum heima á Norðfirði og öðru sem á daga hans hefur drifið og gaman væri að heyra.

Við fáum danspör í heimsókn, sem sýna munu okkur listir sínar, "Brugðið verður á leik" með árshátíðargestum, gluggað verður í grín- og gamanvísur eftir ýmsa höfunda eins og þær gerðust á þá gömlu góðu daga á Norðfirði. Efnt verður til happdrættis um margt góðra vinninga og fjöldsöngur verður undir borðhaldinu eins og venjulega. Að loknu borðhaldi verður stigin dans af miklu fjöri við undirleik danshljómsveitarinnar Stuðla.

Veislustjóri verður Þórður Flosason. Hann kann ógrynni af vísum og kviðlingum og mun eflaust henda þeim á lofti ef tækifæri gefst á milli atriða.

Fyrir þá sem ekki sjá sér fært að mæta fyrr en að loknu borðhaldi verður seldur sérstakur aðgangur á "ballið" og kostar þá miðinn kr. 1.000.00.

Við viljum hvetja félagar til þess að panta miða í tíma hjá:

Elsu í síma 36492 Jóhönnu Ó. s.42232
Jóni G. " 43499 Ólöfu H. " 75506

Miðar verða seldir á Hótel Lofleiðum, fimmtudaginn 9. mars, frá kl. 17 - 19 og borð tekin frá á sama tíma.

Hið árlega sólarkaffi félagsins var haldið í Safnaðarheimili Bústaðarkirkju sunnud. 29. jan. s.l. Vegna slæms veðurs og ófærðar var þátttaka heldur dræm, aðeins voru mættir um 80 félagar, en þegar best latur mæta 200 - 250 félagar á sólarkaffi. Stjórnin hafði gert ráð fyrir þeim fjölda og ekki aftraði veður vöskum félagskonum, sem höfðu með bakstur að gera að þessu sinni. Þær komu klyfjaðar í ófærðinni með sínar svellandi pönnukökur og annað góðgæti. Hafi þær kærar þakkir fyrir.

Stúlknakór úr Öldutúnsskóla í Hafnarfirði, sem gert hefur garðinn frægan í útlöndum mætti á staðinn, þrátt fyrir ófærðina og söng sig inn í hjörtu viðstaddra.

Stjórnandi kórsins er Egill Friðleifsson.
Þökk sé þeim Agli og stúlkunum fyrir
sönginn.

Að endingu hvetjum við alla féлага
til þess að fjölmenna nú á árshátíðina,
sem jafnframt er 20 ára afmælishátíð
félagsins og taka með sér gesti.
Jafnframt bjóðum við velkomna alla þá
Norðfirðinga búsetta heima, sem hug hafa
á því að leggja land undir fót til þess að
taka þátt í gleðskap sveitunga sinna hér
syðra.

Munið árshátíðina 11. mars n.k.

Mætum öll í hátíðarskapi.

G Ó Þ A S K E M M T U N ! ! ! !

Stjórnin.

Norðfirðingur:

Útgefandi Norðfirðingafélagið í Reykjavík,

Espigerði 4, 9G 108 Reykjavík.

Abm.

Elsa Christensen